

1863. fjárlögum yfirstandandi árs, 9. gr. G. c, er ætlað til óvissra
 19. febrúarm. gjalda handa Íslandi, megi verja 120 rdl. til styrks til að fá
 handa bókhlöðu prestaskólans safn það af ritum allra grískra og
 latínskra kirkjufedra, er Abbé Migne í Parísarborg hefir út gefið,
 og um er rætt í bænarskránni.

Um leið og þetta er kunngjört yður, herra stiptamtmaður,
 og yður, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar, og til þess
 þér kunngjörð það beiðandanum, eruð þér beðnir að hafa gætur
 á, að síðar verði gjörð regluleg skil fyrir því, að fê þessu hafi
 verið rétt varið, en landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið
 boðið að greiða það úr jarðabókarsjóðnum.

19. febrúarm. **12. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyrir-
 valdanna á Íslandi, um messugjörð í Viðey.**

Í bænarskrá, er hingað kom með bréfi yðar, herra stiptamt-
 maður, og yðar, háæruverðugi herra, 19. ágústmánaðar f. á., hefir
 eigandi Viðeyjar O. M. Stephensen, sekreteri, sótt um, að ey
 þessi, sem með konungsúrskurði 4. septemberm. 1847 var lögð
 undir Mosfells og Gufunes prestakall, og skyldi presturinn í
 brauði þessu 10. hvern sunnudag halda messugjörð í bænhús-
 inu í Viðey, nú verði á sama hátt lögð undir Reykjavíkur brauð,
 sem hún fyrrum heyrði undir, og áður greindum konungsúr-
 skurði breytt samkvæmt því.

Í þessu efni skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til
 þess þér auglýsið það, að með því sú aðalástæða, er olli því, að
 Viðey var skilin frá Reykjavíkur brauði og lögð undir Mosfells
 brauð, en sú ástæða var, að ekki mátti verða messufall í Reykja-
 víkur dómkirkju, ekki einungis er enn fyrir hendi, heldur er
 jafnvel þýðingarmeiri en áður, er fólkstalan hefir aukizt í Reykja-
 víkur sókn, og menn nú um langan tíma hafa vanizt því, að
 messað sé á hverjum helgidegi í dómkirkjunni, þá verður það,
 sem um var sótt, eigi veitt.